

Reykjavík, 25. júlí 2013

Sáttargerð vegna brots á 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 3. júní 2013 gerðu Fjármálaeftirlitið og BankNordik P/F með sér sátt vegna brots félagsins á 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst BankNordik P/F, sem útgefandi hlutabréfa sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, við því að hafa brotið gegn 87. gr. vvl., með því að hafa ekki birt opinberlega og á réttum tíma, allar upplýsingar sem var að finna í tilkynningu flöggunarskylds aðila.

Í samræmi við 1. mgr. 87. gr. vvl. skal útgefandi, eins fljótt og auðið er eftir móttöku tilkynningar skv. 78., 79. eða 80. gr. og eigi síðar en klukkan 12 næsta víðskiptadag eftir að tilkynningin berst honum, birta opinberlega allar upplýsingar sem er að finna í tilkynningunni.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007, var málinu lokið með sátt að fjárhæð 500.000 krónur.